



Tvöfalt fleiri ferðamenn á hvert starf í ferðapjónustu

Fjöldi ferðamanna eykst langt umfram störf í greininni

Verulegur vöxtur hefur verið á fjölda starfa í ferðapjónustu samfara auknum ferðamannafjölda til landsins á síðustu árum. Árið 2011 hófst núverandi uppsveifla í komum ferðamanna til landsins og hefur meðalfjöldi starfa í greininni á fyrstu fimm mánuðum hvers árs aukist úr rúmum 10.500 störfum árið 2010 og í 16.700 á þessu ári og nemur aukningin tæpum 60%. Aukningin á fjölda erlendra ferðamanna er þó töluvert meiri eða 225% á þessu tímabili.



Veruleg framleiðniaukning í greininni

Ljóst er því að fjöldi erlendra ferðamanna á hvert starf í greininni hefur aukist töluvert. Árið 2010 komu 11 erlendir ferðamenn á fyrstu 5 mánuðum ársins fyrir hvert starf í ferðapjónustu. Á þessu ári voru ferðamennirnir orðnir rúmlega tvöfalt fleiri eða 22,7. Það hefur því orðið veruleg framleiðniaukning hjá starfandi fólki ferðapjónustu á þessu tímabili.

Meiri framleiðniaukning utan háannar

Veruleg árstíðarsveifla er enn í komum ferðamanna yfir árið þrátt fyrir að hún hafi verið á undanhaldi síðustu ár. Þessi árstíðarsveifla í komum ferðamanna birtist einnig í árstíðarsveiflu fjölda ferðamanna á hvert starf í ferðapjónustu. Það helgast af því að ávallt þarf ákveðinn lágmarksfjölda starfandi í greininni sem er lítt háður fjölda ferðamanna. Á lágönn eru ferðamenn tiltölulega fáir á hvert starf en fleiri yfir háönnina. Á síðasta ári komu fæstir ferðamenn á hvert starf í janúar og desember eða um 3,3 í hvoru tilfelli fyrir sig. Yfir háönnina komu um 7,7 ferðamenn á hvert starf í ágúst.

Hlutfallslega hefur fjöldi ferðamanna á hvert starf verið að aukast hraðar utan háannar og því hefur framleiðnivöxturinn verið meiri þar.



Mismikil fjölgun starfa eftir undirgreinum ferðaþjónustu


Sé litið á tölur Hagstofunnar um meðalfjölda starfa yfir árið eftir flokkum ferðaþjónustu sést að stærsti hlutinn liggur í veitingasölu- og þjónustu en þar voru um 7.100 stöðugildi á síðasta ári. Næststærsti hlutinn liggur í rekstri gististaða um 4.000 manns. Fjölgunin milli 2010 og 2014 hefur verið hlutfallslega mest í flokknum „ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta“ eða 82% en einnig hefur orðið mikil fjölgun í rekstri gististaða eða 74%. Fjölgunin hefur verið töluvert minni í farþegaflutningum með flugi (26%) og veitingasölu- og þjónustu (28%).

Sé litið til undirgreina þarf ekki að koma svo mikið á óvart að þær greinar sem standa undir stærstum hluta af heildaraukningu starfa milli 2010 og 2014 eru einmitt „ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta“ annars vegar og rekstur gististaða hins vegar.

Fleiri heilsársstörf

Það hefur lengi verið eitt af markmiðum íslenskrar ferðaþjónusta að gera stærri hluta hennar að heilsársgrein og búa til fleiri heilsársstörf. Þróunin sýnir að greinin er þar á réttri leið. Á síðasta ári var meðalfjöldi starfa á fyrsta og fjórða ársfjórðungi, sem eru rólegustu fjórðungar ársins, um 15.400 borið saman við 10.750 árið 2010.

Fjölgun starfa í ferðaþjónustu



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.